



## Minnisblað

Reykjavík, 4. desember 2019  
SFS2018110156  
176. fundur  
HG/geb/hs

Til: skóla- og frístundaráðs

Frá: Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og akstur nemenda með hópþjálfun og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar***

Á 167. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. ágúst 2019 var samþykkt að ákvörðun ráðsins frá 25. júní 2019 þar sem samþykktar voru nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar og breytingar á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar verði endurupptekin og málinu vísað að nýju til umsagnar foreldrafélaga þeirra skóla sem breyting mun hafa áhrif á. Frestur til að senda inn umsagnir verði veittur til 15. september 2019. Ráðið muni taka málið til efnislegrar meðferðar að nýju að loknu umsagnarferli.

Skóla- og frístundasviði hafa borist viðbrögð frá foreldrafélögum Fossvoskóla, dags. 8. október 2019, Háaleitisskóla, dags. 3. september 2019, Kelduskóla, dags. 21. október 2019, Laugarnesskóla, dags. 8. október 2019, auk ályktana frá Árbæjarskóla, ódags. en barst 9. september 2019 og tölvuskeyti frá foreldri í Hlíðaskóla, dags. 4. nóvember 2019 og upplýsingar frá foreldri barns í Melaskóla, dags. 21. ágúst 2019. Auk þess liggja fyrir bréf til borgarráðs frá foreldrum barna í Skerjafirði, eitt ódags. og dags. 20. ágúst 2019 vegna fyrirhugaðra breytinga á skólaakstri í Melaskóla

Það er mat skóla- og frístundasviðs að rétt sé að fresta gildistöku nýrra reglna um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og akstur nemenda með hópþjálfun og reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar og taka málið til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna.

Er það niðurstaðan í ljósi þess að nú þegar hafa verið samþykktar breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi sem áhrif hafa á tilhögun mála auk þess sem fyrir liggur að Strætó BS ráðgerir breytingar á strætóleiðum sem geta haft áhrif í þessu sambandi. Því er lagt til að skólaakstur og dreifing strætómiða verði því með óbreyttu sniði þetta skólaár og gildistöku nýrra regla verði frestað.